Aðgerðir BHM:

Búist við víðtækri samstöðu

GERT er ráð fyrir víðtækri samstöðu félaga innan Bandalags háskólamanna um verkfallsaðgerðir þær sem ætlunin er að efna til á morgun í þeim tilgangi að þrýsta á ríkisvaldið til að veita háskólamönnum kjarabætur, að því er Jón Hannesson, formaður launamálaráðs BHM, skýrði Morgunblaðinu frá í gær.

Aðgerðir þessar eru ekki að tilhlutan bandalagsins sjálfs heldur eru þær til komnar í kjölfar almenns félagsfundar í Glaumbæ fyrir nokkru um kjaramálin, en þar var þeirri áskorun beint til stjórna aðildarfélaganna að undirbúa einhvers konar aðgerðir til að knýja á úrlausn í kjaradeilu háskólamanna og ríkisvaldsins.

Innan BHM eru alls um 1400 félagar, en að sögn Jóns er ekki hægt að leiða að því getum hversu stór hluti félagsmanna muni taka þátt í þessum aðgerðum nema hvað búast mætti við að það yrði víðtækt, enda teygðu félagar BHM arma sína inn á mörg starfssvið í þjóðfélaginu. Jón sagðist þó eiga von á að þátttakan yrði mest á höfuðborgarsvæðinu, enda væru hópar BHM úti á landi yfirleitt fámennir. Að öðru leyti væri ekki unnt að segja til um það á þessu stigi hversu margir mundu skerast úr leik en hann taldi afstöðu lagaprófessora innan háskólans að mörgu leyti skiljanlega og einnig mætti gera ráð fyrir að ýmsir félagar BHM í mjög sérstökum störfum héldu einnig að sér höndum og nefndi hann í því sambandi dýralækna og lækna sem BHM semdi fyrir en þeir væru mjög fáir.

Launadeila Bandalags háskólamanna er nú hjá kjaradómi en BHM hefur dregið fulltrúa sinn út úr nefndinni, þar sem bandalagið telur að reynslan sýni að dómurinn sé jafnan vilhallur ríkisvaldinu og aðgerðirnar á morgun séu þannig fyrst og fremst í því augnamiði að þrýsta á ríkisvaldið sjálft í því skyni að tryggja háskólamönnum einhverjar kjarabætur.



Ragnheiður Einarsdóttir formaður Kvenfélagsins Hringsins afhendir Guðmundi Einarssyni gjöf frá Hringskonum til söfnunarinnar til styrktar þroskaheftum börnum.

„Ljúkum verkinu" — Söfnuninni lýkur um helgina


UM þessa helgi lýkur söfnunarherferð þeirri sem Hjálparstofnun kirkjunnar hefur gengizt fyrir undanfarinn hálfan mánuð.

Hafa mörg framlög borizt bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum og var söfnunarféð komið nokkuð á sjöttu milljónina á föstudag og sagði Guðmundur Einarsson frkvstj. Hjálparstofnunarinnar að ekki væru öll kurl komin til grafar ennþá.


Kvenfélagið Hringurinn ákvað á fundi sínum í vikunni að gefa eina milljón króna til þessarar söfnunar og afhenti formaður kvenfélagsins gjöfina á fimmtudag.

Sr. Tómas Sveinsson settur í embætti í dag

SUNNUDAGINN 14. nóvember, í dag, verður nýkjörinn prestur Háteigssafnaðar, sr. Tómas Sveinsson, settur í embætti. Nýskipaður dómprófastur, sr. Ólafur Skúlason, framkvæmir innsetninguna. Guðsþjónustan hefst klukkan 14 í Háteigskirkju.



Sr. Tómas Sveinsson.



Veturliði frá ýmsum tímum

Veturliði Gunnarsson listmálari opnaði í gær sýningu á 134 myndum eftir sig í Kjarvalsstöðum. „Þetta eru myndir frá ýmsum tímabilum," sagði Veturliði, „en þó ekki yfirlitssýning, því þá hefði ég þurft miklu stærri sali og myndir að láni frá fólki.

Ég ætlaði að fá báða sali Kjarvalsstaða og hafa gamalt í öðrum, nýtt í hinum, og samkvæmni á milli, en hún verður að bíða betri tíma, yfirlitssýningin. Nú eru þetta myndir m.a. frá ýmsum sýningum síðan um 1950. Ég tók ákvörðun um að hafa það með vegna þess að svo mikið er komið

Framhald á bls. 31

Prestkosning í Laugarnessókn


PJETUR Þ. Maack cand theol., annar umsækjandinn um prestsembættið í Laugarnessókn, flytur predikun í Laugarneskirkju í dag kl. 2 e.h.

Pjetur er fæddur 14. marz 1950, sonur hjónanna Viggós E. Maack skipaverkfræðings og Ástu Þorsteinsdóttur, Daníelssonar skipasmiðs. H:nn lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1970 og embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands haustið 1976. Pjetur sat í stjórn æskulýðsfélags Laugarnessóknar 1963—1974, þar af 4 ár sem formaður. Þá var hann samstarfsmaður sóknarprestsins í Laugarnesi við barnamessur í 3 vetur og um eins árs skeið í undirbúningsnefnd væntanlegs safnaðarheimilis Laugarnessóknar. Og kennari var hann við Laugarnesskóla 1970—1974.

Pjetur var í varastjórn Rauða kross Íslenda 1971—1975. Sótti hann þá norrænar ráðstefnur sem fulltrúi RKÍ og námskeið Alþjóða Rauða krossins í Svíþjóð fyrir starfsfólk á neyðarsvæðum. 1973 var hann sæmdur „fortnejstdiplom" norska Rauða krossins úr gulli. Hann var 2 ár ritstjóri fréttablaðs RKÍ og um tíma fulltrúi RKÍ vegna Vestmannaeyjagossins, og vann þá aðallega að æskulýðsmálum. Sá m.a. um undirbúning hér á landi vegna ferða 1000 Eyjabarna til Noregs sumarið 1973. Einnig var Pjetur fulltrúi RKÍ við stofnun Ferðamálaráðs fatlaðra. Hann hefur verið fararstjóri í utanlandsferðum fatlaðra og hefur séð um „opið hús" fyrir vangefna í Tónabæ á vegum Æskulýðsráðs Reykjavíkur nú um eins árs skeið. Hefur hann unnið hjá Æskulýðsráði í Tónabæ frá 1972, en var þar áður lögregluþjónn í tvö sumur. Hann hefur sérstaklega kynnt sér vandamál áfengissjúklinga, m.a. hjá AA-samtökunum.

Pjetur sat í tvö ár í stjórn Félags áhugaljósmyndara og var einn af stofnendum ljósmyndaklúbbsins „Ljóss".

Pjetur Þ. Maack er ókvæntur.



Pjetur Þ. Maack

Yfirlýsing

BLAÐIÐ hefur verið beðið fyrir svohljóðandi yfirlýsingu:

Vegna fréttar í Mbl. í gær um fyrirhugaðar aðgerðir Félags háskólamanna í kjaramálum vil ég taka fram, að stjórn félagsins hefur ekki hvatt félaga sína til verkfalls næstkomandi mánudag. Hins vegar hefur hún hvatt starfsfólk einstakra deilda til að halda fundi um kjaramál sín þann dag og ennfremur að sækja fund Bandalags háskólamanna að Hótel Sögu.

Haraldur Ólafsson,
formaður FH.

Högni Torfason segist eiga höfundarréttinn

VEGNA þeirra blaðaskrifa, sem orðið hafa vegna synjunar Hjalta Kristgeirssonar á endurbirtingu viðtals við hann um það leyti, sem ungverskir flóttamenn komu til landsins fyrir 20 árum, sneri Morgunblaðið sér til Högna Torfasonar, sem var fréttamaður ríkisútvarpsins þá og tók viðtalið. Högni sagðist líta svo á, að hann eigi og enginn annar höfundarrétt að viðtalinu. Þess vegna geti enginn ráðskast með viðtalið án síns samþykkis, ákveðið birtingu eða ekki birtingu.

Högni Torfason sagði að á þessum tíma hefði hann farið til Vínarborgar og skoðað flóttamannabúðir Ungverjanna í Vín. Á spólunni, sem um er rætt er viðtal við dr. Gunnlaug Þórðarson, sem fór utan og náði í flóttamennina, viðtal við Hjalta Kristgeirsson, sem verið hafði í Ungverjalandi á meðan á uppreisninni stóð og loks er almenn lýsing Högna á búðunum og aðstöðu fólksins þar.



Högni Torfason

Hjálpa drykkjusjúkum

CUSACKSHJÓNIN, sem hér hafa dvalist á vegum Freeportklúbbsins, sem eru samtök þeirra, sem verið hafa á Freeportsjúkrahúsinu í New York, til þess að reyna að hjálpa drykkjusjúkum með einkasamtölum og fyrirlestrum munu halda fyrsta fyrirlestur sinn í dag klukkan 15 í fundasal Hótel Loftleiða.

Þau hjón munu dveljast hérlendis í rúma viku. Munu þau fara til Akureyrar, Vestmannaeyja og Ísafjarðar, en þar er ætlunin að stofna deild úr AA-samtökunum á Íslandi.



Kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands heldur basar í Fóstbræðraheimilinu í dag, sunnudaginn 14. nóvember klukkan 14. Allir basarmunir eru unnir af konunum í deildinni á síðastliðnu ári. Ágóði rennur til sjúklingabókasafna hinna ýmsu sjúkrahúsa borgarinnar. Myndin sýnir hluta þeirra muna, sem á boðstólunum verða.

Gunnar Pálsson látinn

Í GÆRMORGUN lézt í Borgarspítalanum eftir stutta sjúkrahúsvist Gunnar Pálsson skrifstofustjóri frá Hrísey, 64 ára að aldri.

Gunnar Pálsson var skrifstofustjóri hjá Fiskimálasjóði og hafði gegnt því starfi frá árinu 1941. Hann var fæddur í Ólafsfirði 28. desember 1911, sonur Páls Bergssonar kaupmanns og konu hans, Svanhildar Jörundsdóttur, en þar rak Páll verzlun og útgerð. Foreldrar Gunnars fluttust síðan til Hríseyjar.

Kona Gunnars Ingileif Bryndís Hallgrímsdóttir lifir mann sinn ásamt fjórum börnum þeirra.

